

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit Heilbrigðiseftirlits Norðurlandssvæðis eystra, nr. 670/2009.

1. gr.

1. og 2. mgr. 2. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Tímagjald	kr. 16.000
Gjald fyrir rannsókn á hverju sýni m.t.t. örvera og eðlisþátta	kr. 26.000
Gjald fyrir flutning (dráttargjald) á skráningarskyldum ökutækjum án skráningarmerkja, tækjum, kerrum, vinnuvélum, bátum og lausamunum skv. samþykkt nr. 463/2002 um umgengni og þrifnað utanhúss á starfssvæði heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra	kr. 25.000
Gjald fyrir geymslu (geymslugjald) á skráningarskyldum ökutækjum án skráningarmerkja, tækjum, kerrum, vinnuvélum, bátum og lausamunum skv. samþykkt nr. 463/2002 um umgengni og þrifnað utanhúss á starfssvæði heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra	kr. 1.000 á dag

2. gr.

3. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Af starfsleyfis skyldri starfsemi, er aðildarsveitarfélögum heimilt að innheimta gjald fyrir starfsleyfi eins og hér segir:

Endurnýjun starfsleyfis:

Starfsleyfisgjald eitt og hálf tímagjald
og auglýsingakostnaður ef við á

Ný starfsemi:

Starfsleyfisgjald eitt og hálf tímagjald
og eftirlitsgjald viðkomandi fyrirtækjaflokks
ásamt auglýsingagjaldi ef við á

Önnur starfsleyfi sem ekki eru í eftirlitsáætlun:

Starfsleyfisgjald eitt og hálf tímagjald
og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings, ferðar,
úttektar og frágangs ásamt auglýsingakostnaði ef við á

3. gr.

Gjald skv. viðauka gjaldskrárinnar orðist svo:

1. flokkur	kr. 8.885
2. flokkur	kr. 17.770
3. flokkur	kr. 35.541
4. flokkur	kr. 54.069
5. flokkur	kr. 68.237
6. flokkur	kr. 100.016
7. flokkur	kr. 124.184
8. flokkur	kr. 145.509
9. flokkur	kr. 184.394
10. flokkur	kr. 244.603
11. flokkur	kr. 276.384
12. flokkur	kr. 304.813

4. gr.

Auglýsing þessi er samin með heimild í 46. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum, 65. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 með síðari breytingum, 25. gr. laga um matvæli nr. 93/1995 með síðari breytingum og 8. gr. laga um tóbaksvarnir nr. 6/2002 með síðari breytingum. Auglýsingin ásamt fjárhagsáætlun 2022 var samþykkt í heilbrigðisnefnd 6. október 2021 og öðlast gildi við birtingu.

Akureyri, 16. ágúst 2022.

Alfreð Schiöth,
framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Norðurlandssvæðis eystra.

B-deild – Útgáfudagur: 30. ágúst 2022